



**Hvatningarkveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Rauði krossinn hefur á undanförnum árum sameinað Íslendinga í öfluglu átaki, hjálparstarfi í þágu þeirra sem eiga um sárt að binda.

Í byggðum landsins, bæjum og þorpum, í borg og til sveita hafa fjölskyldur gengið til góðs og safnað fjármunum sem komið hafa að miklu gagni.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá gleðina í augum hinna yngri, barna og unglunga, sem koma til Rauða krossins að lokinni gönguför og rétta fram söfnunarbauka sem smátt og smátt hafa fyllst því bæði nágrannar og ókunnugir hafa tekið göngufólki vel þegar barið var að dyrum.

Að þessu sinni göngum við í þágu þeirra sem þjást vegna átaka og stríðs, til að hjálpa fjölskyldum í Afríku sem vopnaburður hefur sundrað; göngum til að leiða ástvini og ættingja saman á ný.

Það er vel við hæfi að Íslendingar sem um aldir hafa notið friðsældar umfram flesta aðra, rétti hjálparhönd til stríðsþjáðra svæða. Öryggi í daglegu lífi, áhyggjuleysi þegar börn fara í skóla eða foreldrar halda til vinnu hafa verið aðalsmerki okkar. Aðrir búa við ótta um að fjölskyldur geti sundrast á hverri stundu vegna átaka eða stríðs.

Sterk táknræn skilaboð eru í því fólgin að Íslendingar, hin friðsama þjóð án hers og vígbúnaðar, leggi sitt af mörkum til hjálpar þúsundum sem þjást vegna stríðs og vopnaskaks.

Ég hvet alla til að taka þátt í söfnun Rauða krossins. Hún er bæði göfugt verk og holl uppeldisaðgerð fyrir hvern og einn; sýnir okkur enn á ný forréttindin sem felast í því að vera Íslendingur.

(undirskrift)